

**Fjölbrautaskólinn Ármúla**  
02 351

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Fjölbrautaskólinn Ármúla  
kt. 590182-0959  
Ármúla 12, 108 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskólinn Ármúla er skóli á framhaldsskólastigi og hefur verið rekinn sem slíkur undir eigin nafni frá árinu 1981. Á þeim árum sem skólinn hefur starfað sem sjálfstæður fjölbrautaskóli hafa átt sér stað ýmsar breytingar eins og gengur og gerist. Áður en skólinn fékk leyfi til að brautskrá nemendur í eigin nafni var hann í nokkur ár rekinn sem útibú frá Kennaraskólanum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Í dag leggur skólinn áherslu á bóklegar greinar til stúdentsprófs en er auk þess móðurskóli starfsnáms á heilbrigðisviði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.792,4 milljónir og afkoma kr. 18,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 155,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 303,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskólans Ármúla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskólans Ármúla fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Magnús Ingvason,  
skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.641.514.431	1.533.917.351
Seld þjónusta .....	3	123.908.710	134.518.789
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	11.132.004	25.499.125
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	15.854.675	13.141.962
<b>Tekjur samtals</b>		<u>1.792.409.820</u>	<u>1.707.077.227</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.365.611.133	1.306.199.461
Annar rekstrarkostnaður .....	6	392.225.620	366.378.557
Afskriftir .....	7	15.854.675	13.141.962
<b>Gjöld samtals</b>		<u>1.773.691.428</u>	<u>1.685.719.980</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		18.718.392	21.357.247
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(32.712)</u>	<u>(25.414)</u>
		(32.712)	(25.414)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>18.685.680</u></u>	<u><u>21.331.833</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		67.336.314	53.237.120
Aðrar eignir .....		1.308.228	1.330.982
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>68.644.542</u>	<u>54.568.102</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		409.057	131.376
Tengdir aðilar .....	9	207.858.877	180.216.530
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	8.880.757	7.735.616
Handbært fé .....	11	17.330.604	39.575.558
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>234.479.295</u>	<u>227.659.080</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>303.123.837</u>	<u>282.227.182</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		155.495.270	136.809.590
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>155.495.270</u>	<u>136.809.590</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	3.858.293	3.506.708
Viðskiptaskuldir .....		13.981.578	14.725.137
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	60.826.899	53.369.275
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	68.961.797	73.816.472
<b>Skuldir samtals</b>		<u>147.628.567</u>	<u>145.417.592</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>303.123.837</u>	<u>282.227.182</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		18.685.680	21.331.833
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	15.854.675	13.141.962
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(15.854.675)	(13.141.962)
		<u>18.685.680</u>	<u>21.331.833</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.422.822)	494.050
Tengdir aðilar .....		(46.221.877)	(17.179.004)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		6.714.065	989.034
		<u>(40.930.634)</u>	<u>(15.695.920)</u>
		<u>(22.244.954)</u>	<u>5.635.913</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(29.931.115)	(16.663.647)
		<u>(29.931.115)</u>	<u>(16.663.647)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		18.931.115	0
Fjárfestingarframlag .....		11.000.000	16.663.647
		<u>29.931.115</u>	<u>16.663.647</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(22.244.954)	5.635.913
		<u>39.575.558</u>	<u>33.939.645</u>
		<u>17.330.604</u>	<u>39.575.558</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað / 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.641.514.431	1.533.917.351
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	15.854.675	13.141.962
	<u>1.657.369.106</u>	<u>1.547.059.313</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.664.600.000	0	0	1.664.600.000
Launabætur .....	14.100.000	0	0	14.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(37.185.569)	0	0	(37.185.569)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.641.514.431</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.641.514.431</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.622.828.751)	0	0	(1.622.828.751)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>18.685.680</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>18.685.680</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	4.981.018	5.975.140
Sala á vöru og þjónustu .....	28.308.000	29.701.200
Vörusala II .....	2.166.000	1.600.500
Verksala .....	0	116.900
Ýmsar þjónustutekjur .....	88.435.692	97.062.049
Fræðslustarfsemi og fundir .....	18.000	63.000
	<u>123.908.710</u>	<u>134.518.789</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.932.000	1.375.003
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	1.486.000	18.573.004
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	5.320.553	3.393.980
Ýmsar tekjur .....	2.393.451	2.157.138
	<u>11.132.004</u>	<u>25.499.125</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.100.401.540	1.066.577.559
Orlof, breyting .....	7.525.624	(4.674.462)
Launatengd gjöld .....	252.051.091	240.240.622
Starfsmannakostnaður .....	5.632.878	4.055.742
	<u>1.365.611.133</u>	<u>1.306.199.461</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	93,8	96,2
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.538.461	3.146.618
Byggingarvörur, almennar .....	121.753	177.998
Byggingarvörur, aðrar .....	21.145	53.095
Tæki og búnaður til innréttinga .....	215.175	148.000
Ýmis tæki og áhöld .....	6.255.590	6.558.309
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	36.077	132.388
Orkugjafar .....	12.772.837	11.573.418
Matvæli .....	7.306.159	6.709.631
Almennar rekstrarvörur .....	2.854.483	4.722.900
Vörukaup, almenn	33.121.680	33.222.357
Kennslu- og fündurvörur .....	3.274.290	3.638.521
Ýmsar sérgreindar vörur .....	8.393	14.101
Vörukaup, sérgreind	3.282.683	3.652.622
Fundir, námskeið, risna .....	1.108.687	888.487
Ferðir, uppihald .....	4.250.442	1.438.492
Akstur .....	2.588.391	1.422.104
Sérfræðiþjónusta .....	32.453.319	30.982.435
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	955.340	922.388
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	3.281.160	1.901.896
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	14.446.723	7.847.593
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	59.084.062	45.403.395
Afnotagjöld .....	13.019.112	9.572.156
Leigugjöld .....	244.826.514	234.434.150
Notkun véla og flutningatækja .....	3.935.340	1.676.240
Verkkaup .....	33.594.245	37.378.951
Kostnaðarhlutdeild .....	1.184.394	854.986
Áhættutap og bætur .....	119.990	17.900
Opinber gjöld .....	0	120.800
Tilfærslur .....	57.600	45.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	296.737.195	284.100.183
Annar rekstrarkostnaður samtals	392.225.620	366.378.557
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	15.831.921	13.054.830
Aðrar eignir .....	22.754	87.132
	15.854.675	13.141.962

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	67.336.314	53.237.120
Aðrar eignir .....	1.308.228	1.330.982
	<u>68.644.542</u>	<u>54.568.102</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	130.589.914	3.972.744	134.562.658
Viðbætur á árinu .....	29.931.115	0	29.931.115
	<u>160.521.029</u>	<u>3.972.744</u>	<u>164.493.773</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	77.352.794	2.641.762	79.994.556
Afskrift ársins .....	15.831.921	22.754	15.854.675
	<u>93.184.715</u>	<u>2.664.516</u>	<u>95.849.231</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>67.336.314</u>	<u>1.308.228</u>	<u>68.644.542</u>

**31.12.2022      31.12.2021**

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	207.858.877	174.486.530
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	5.730.000
	<u>207.858.877</u>	<u>180.216.530</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	3.858.293	3.506.708
	<u>3.858.293</u>	<u>3.506.708</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	361.500	127.635
Skattar .....	8.519.257	7.607.981
	<u>8.880.757</u>	<u>7.735.616</u>

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	8.200	6.000
Tékkareikningar .....	17.256.161	37.094.410
Sparisjóðsreikningar .....	66.243	2.475.148
	<u>17.330.604</u>	<u>39.575.558</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 4,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	136.809.590	115.477.757
Afkoma ársins .....	18.685.680	21.331.833
Jöfnuður 31.12. ....	155.495.270	136.809.590

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	60.826.899	53.301.275
Önnur ógreidd gjöld .....	0	68.000
	60.826.899	53.369.275

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	68.644.542	54.568.102
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	317.255	19.248.370
	68.961.797	73.816.472

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	54.568.102	19.248.370	73.816.472
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	11.000.000	11.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	29.931.115	(29.931.115)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(15.854.675)	0	(15.854.675)
	68.644.542	317.255	68.961.797

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 17,9 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði með uppsagnarákvæði í apríl á hverju ári, þjónustusamninga vegna ræstiþjónustu og reksturs mötuneytis og einnig ýmsa aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 264,1 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 50 milljónir og vegna annara samninga kr. 10,6 milljónir.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanns sem látið hefur af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2022, kr. 0,6 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.